
Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

12. fundur Stjórnar B.S. bs. haldinn mánudaginn 19. sept. 2016

kl. 08:15 í fundarsal B.S. bs. að Hringbraut 125.

Mættir eru: Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Gísli Heiðarsson, Sigrún Árnadóttir, Jóhann S. Sigurbergsson, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

Dagskrá.

Formaður setur fundinn.

Mál:

1. Fjárhagsáætlun 2017 drög 2.
 - Jón fer yfir drög nr.2 að fjárhagsáætlun.
 - Stjórn samþykkir drögin að fjárhagsáætlun og óskar eftir því að áætlunin verði send til sveitarfélaganna svo og greinagerð varðandi nýbyggingu.
2. Húsnæðismál (ný slökkvistöð).
 - Friðjón segir frá fundi sem hann og Jón fóru á með forsvarsmönnum Voga um nýbygginguna og samstarf í framtíðinni.
 - Rætt um möguleikana í hönnunar- og útboðsmöguleikum.
 - Stjórnin felur slökkviliðsstjóra að halda kynningarfund um fyrirhugaða byggingu nýrrar slökkviliðsstöðvar og leita tilboða í hönnun og teikningar.
3. Staða fjármála.
 - Fjármál eru samkvæmt áætlun.
 - Rekstur fyrstu 7 mánuði samkvæmt áætlun.
4. Afturvirkar leiðréttingar á starfsmati.
 - Jón segir frá fundi sem hann átti með Jóni Viðari og Birgir slökkvilisstjórum SHS og þar fékk hann hjá þeim minnisblað um nýtt endurmat á launum. Les Jón yfir minnisblaðið og skýrir út málið.
 - Stjórn felur Friðjóni og Jóni að hafa samband við verkefnisnefnd starfsmatsins og fá útskýringar á málinu.
5. Skýrsla slökkviliðsstjóra.
 - Jón kynnir fyrir stjórn þau verkefni sem hafa verið í gangi.
6. Önnur mál
 - Sigurður kynnir fyrir stjórn með glærusýningu ferð á eiturefnanámskeið í Koupio, Finnlandi.

Fundi slitið kl. 09:45